

## Skólaráð Naustaskóla

5. fundur ársins 2013 þann 8. maí 2013

### Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Áshildur Hlín Valtýsdóttir, Gísli Rúnar Magnússon og Vaka Óttarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Aníta Jónsdóttir, Guðrún Huld Gunnarsdóttir og Yrsa Hörn Helgadóttir.

### Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Starfsmannamál.** Umsóknarfrestur um stöður tónmenntakennara, íþróttakennara, kennara (fastráðning) og kennara (tímabundnar stöður) er nú runninn út. 6 umsóknir bárust um stöðu tónmenntakennara, 7 um stöðu íþróttakennara, 11 um tímabundnar stöður og 15 um fasta stöðu. Skólastjórnendur hafa ekki að fullu lokið við að fara yfir umsóknir og munu vinna að því áfram og boða til viðtala að því búnu.
2. **Skipan teyma næsta vetrar.** Varpað fram hugmynd að skipun teyma næsta vetrar. Nokkrir óvissuþættir eru þó enn fyrir hendi. Rætt um skipan teyma, hvernig til hefur tekist í vetur, starfshætti í einstökum teymum o.fl.
3. **Stundaskrá 2013-2014.** Rætt um stundaskrárramma næsta vetrar. Gert er ráð fyrir svipuðu skipulagi og tímasetningum og í vetur, helstu breytingar snúa að því að stefnt er að því að bæta í íþrótt- og tónmenntakennslu. Ljóst er að fjölga mun í umsjónarhópum næsta vetur miðað við það sem nú er.
4. **Mötuneyti – fyrirspurn um kaup á stökum máltíðum.** Á síðasta fundi var óskað eftir að þetta mál yrði tekið til umræðu. Engar skriflegar reglur finnast um málið en könnun leiðir í ljós að í öðrum skólum bæjarins gefst foreldrum kostur á að kaupa „stakar máltíðir“, þó með því lágmarki að keyptar séu a.m.k. 10 máltíðir í mánuði. Því er hér með gert ráð fyrir að sömu möguleikar gefist í Naustaskóla.
5. **Skólahúsnæði og skólalóð.** Ekki virðist verða um aðrar framkvæmdir að ræða við skólalóðina í sumar en að steiptir verði stoðveggir kringum bílastæði vestan við skólann. Ekki er útlit fyrir að framkvæmdir verði við bílastæði að öðru leyti en að sumri loknu verði hægt að leggja á malarplan vestan við skólann og hugsanlega verður gert sleppistæði við Kjarnagötu. Þá er ekki útlit fyrir að miðrymi skólans verði stækkað og aðalinngangur tekinn í notkun, ekki er gert ráð fyrir frekari framkvæmdum við skólann fyrir en 2016. Skólastjóri telur sig vera búinn að beita þeim þrýstingi sem hægt er innan bæjarkerfisins en ef foreldrar vilja þrýsta á um flýtingu framkvæmda þarf að beita „pólítískum þrýstingi“.
6. **Öryggi og aðbúnaður.** Bent á að vanti neyðarútgang úr einu kennslurýma 2.-3. bekkjar. Það mál horfir til bóta með vorinu.
7. **Önnur mál.**
  - a. Viðurkenningar á skólaslitum. Rætt um hvaða stefnu skuli taka varðandi veitingu viðurkenninga á skólaslitum. Skólaráð er ekki spennt fyrir verðlaunaveitingum við þessi tilefni og ákveðið að sleppa þeim.

- b. Vorhátíð. Stefnt að vorhátíð með svipuðu sniði og undanfarið. Skólastjóri verður í sambandi við fulltrúa hverfisnefndar vegna undirbúnings.

Næsti verður boðaður af skólastjóra þegar tilefni þykir til.

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð